

1080. Stjórnarfundur VR

Haldinn miðvikudaginn 5. september 2012 kl. 17:30 í Kringlunni 7 á 2. hæð.

Mætt voru: Stefán Einar Stefánsson, Ásta Rut Jónasdóttir, Benedikt Vilhjálmsson, Benóný Valur Jakobsson, Birgir Már Guðmundsson, Bjarni Þór Sigurðsson, Eyrún Ingadóttir, Fríður Birna Stefánsdóttir, Hildur Mósesdóttir, Ingibjörg Ósk Birgisdóttir, Jón Magnússon, Kristjana Þ. Jónsdóttir, Ólafía Ása Jóhannesdóttir, Óskar Kristjánsson, Ragnar Þór Ingólfsson, Sigurður Sigfússon, Helga Árnadóttir framkvæmdastjóri og Árni Leósson sviðsstjóri sem ritaði fundargerð.
Gestur fundarins: Jón Björnsson, sálfræðingur.

Dagskrá:

1. Fundargerð síðasta fundar

Stefán Einar lagði fram fundargerð síðasta fundar og var hún samþykkt og undirrituð.

2. 6 mánaða uppgjör

Áður en Helga hóf að fara yfir uppgjörið dreifði Stefán Einar bæklingnum „*Hvað gerir VR?*“ sem er nýr einfaldur bæklingur sem nýttur verður til að koma félaginu á framfæri t.d. fyrir fyrirtækjaheimsóknir formanns ofl. Næst sagði hann frá, og dreifði sýnishorni af sérstökum hreinsiklútum fyrir farsíma með merki VR sem keyptir hafa verið og verða notaðir í skólakynningum ofl.

Helga lagði fram skjalið „*Rekstrarreikningur Jan-Jún 2012*“ og fór yfir innihald þess. Kom m.a. fram í máli hennar að rekstargjöld umfram tekjur eru í línu við áætlun, 48 milljóna tekjuaukning sé m.v. áætlanir, aukning hafi verið á greiðslum bóta og styrkja, mest úr sjúkrasjóði. Afskriftir hafa aukist nokkuð enda mikið fjárfest á árinu m.a. í orlofstengdum málum og endurbótum á skrifstofu félagsins. Helga gerir ráð fyrir að kostnaður vegna stækkunar og endurbóta á aðalskrifstofu félagsins muni enda í um eða yfir 55 milljónum kr. sem verður að teljast gott í öllu samhengi. Helga dreifði skjalinu „*Mánaðarlegt hlutfall dagpeningaþega af greiðandi félagsmönnum*“ en þær samantektartölur náðu yfir tímabilið frá janúar 2002 til apríl 2012. Af þeim tölum má sjá að vart verður við aukningu með reglulegu millibili, síðast eftir hrun árið 2009 og svo núna.

Umræður.

3. Jón Björnsson sálfræðingur fer yfir starfsmannamál

Helga fór yfir þær skipulagsbreytingar á starfsemi VR sem innleiddar voru í vor. Hefur þetta gengið að flestu leyti vel en sumt þó misvel. Jón Björnsson sálfræðingur var gestur fundarins og ræddi hann starfsmannamál.

Umræður.

Jón Björnsson vék svo af fundi kl. 21:25

Ásta vék af fundi kl. 21:30

Stefán Einar lagði fram skjalið „*Dæmi um formlegt upplýsingaflæði á skrifstofu VR frá ágúst 2012*“ og fór þar yfir nýtt vinnulag um upplýsingaflæði á skrifstofunni sem ætti að vera til mikilla bóta. Lagði hann næst fram skjalið „*VR – mótandi afl í samfélagi*“ sem er hið nýja skipurit félagsins þar sem koma fram fjögur helstu markmið breytinganna. Einnig skjalið „*VR starfsáætlun 2013-2014*“ sem er vinnuþag um lykilverkefni, árangursvísa og ábyrgð sem notað verður á vinnufundi starfsmanna. Munu starfsmenn þá fá tækifæri til að leggja sitt af mörkum við komandi áætlun.

4. Handels í Stokkhólmi 100 ára.

Stefán Einar reifaði norrænt samstarf stéttarfélaga verslunarmanna. Kom fram að Handels í Stokkhólmi hafi átt 100 ára afmæli í síðustu viku og hafði hann verið beðinn um að flytja afmælisræðu fyrir hönd hinna norrænu félaganna í hátíðarkvöldverði sem haldinn var af þessu tilefni í ráðhúsi Stokkhólmsborgar. Dreifði Stefán Einar þá skjalinu „*Speech by the president of VR Stefan Einar Stefansson at the 100 year Jubileum of Handels Avdeling 20 in Stockholm*“ sem var hátíðarræða hans þetta kvöld. Í máli Stefán Einars kom fram að félagið hafi afþakkað afmælisgjafir en þess í stað vísað á sérstakan minningarsjóð og gerði hann að tillögu sinni að VR gæfi 10 þúsund SKR í sjóðinn. Samþykkt.

5. Bifreiðakaup

Stefán Einar lagði fram skjalið „*Minnisblað til stjórnar vegna kaupa á nýrri sendibifreið*“ þar sem kom fram að keyptur hafi verið sendibíll af gerðinni Ford Transit 350L á um kr. 6.2 milljónir. Gamli bíllinn er í sölufurli og er vonast eftir að fá fyrir hann milli 1-1,5 milljónir kr.

6. Nýir og endurkjörnir trúnaðarmenn

- | | |
|----------------------------------|--------|
| a. Kristjana Þorbjörg Jónsdóttir | A4 (e) |
| b. Birgitta Bjarnadóttir | A4 (e) |

Samþykkt.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 22:35
Árni Leósson, fundarritari

Virðing
Réttlæti

